



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 4. júní 2018
Tilvísun: 201806-0002

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjald, nr. 74/2012, með síðari breytingum (endurreikningur veiðigjalds 2018), 631. mál.

Alþýðusamband Íslands mótmælir harðlega fyrirhugaðri lækkun veiðigjalda enda er verið að létta eðlilegu endurgjaldi fyrir afnot af þjóðarauðlind af nokkrum af best stöddu fyrirtækjum landsins. Erfiðleika sem minni útgerðir glíma við þarf að leysa á annan hátt og ekki hægt að nota vanda þeirra til að rökstyðja almenna lækkun veiðigjalda.

Með samþykkt frumvarpsins yrðu veiðigjöld endurreiknuð sem fæli í sér 2,5 milljarða lækkun á veiðigjöldum og yrðu þau því 8,6 ma. kr. árið 2018 eða 8,3 ma. kr. eftir að tekið er tillit til persónuafsláttar. Þess ber að geta að stór hluti lækkunar fellur í skaut stærstu útgerða landsins sem hafa sterka rekstrarstöðu og stöðu til að aðlagast sveiflum.

Það er ljóst að sú leið sem farin er við ákvörðun veiðigjalda er fjarri því að vera skilvirk. Þegar vel hefur gengið í sjávarútvegi hafa lækkanir verið rökstuddar með því að horfur séu slæmar fram í tímann, og þegar staðan þrengist eru þau aftur lækkuð með sömu rökum.

ASÍ hefur ítrekað gagnrýnt það að veik rekstrarstaða smárra útgerða sé notuð til að lækka veiðigjöld á best settu fyrirtæki landsins. Fiskveiðistjórnunarkerfið hefur skapað hagræðingu, aukið framleiðni og skapað gríðarlegan arð. Á móti hefur kerfið haft neikvæð áhrif á margar byggðir, og því algjör grunnforsenda að stjórnámálemenn tryggi að þjóðin fái hlutdeild í þeim auðlindaarði sem til verður. Um þetta segir í stefnu ASÍ í atvinnumálum:

„Á grundvelli stefnu um nýtingu og verndun náttúruauðlinda geta stjórnvöld veitt heimild til nýtingar á auðlindum sem eru í eigu þjóðarinnar gegn gjaldi að því tilskyldu að nýtingarrétturinn sé tímabundinn eða að honum megi breyta“.

„Gegn leyfum komi endurgjald; í fyrsta lagi vegna kostnaðar ríkisins af rannsóknum og eftirliti með nýtingu auðlinda (þjónustugjald); í öðru lagi til að tryggja þjóðinni hlutdeild í umframardi sem nýting auðlinda í þjóðareign skapar (auðlindagjald); og í þriðja lagi, þar sem það á við, til að tryggja hagkvæma nýtingu (umhverfisskattur)“



Alþýðusamband Íslands

Að lokum er ástæða til að gagnrýna harðlega málsmeðferðina af hálfu meirihluta atvinnuveganefndar. Frumvarpið var lagt fram 30. maí sl. Umsagnarbeiðnir voru sendar út 31. maí sl. og umsagnafrestur veittur til 1. Júní. Þá vekur það sérstaka athygli að umsagnabeiðnir voru einungis sendar á 10 aðila. Þar af voru engin samtök launafólks, hvorki Alþýðusamband Íslands né stéttarfélög starfsfólks í greininni þ.m.t. Sjómannasamband Íslands.

Virðingarfyllst,

Róbert Farestveit,
hagfræðingur ASÍ